

en stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 66.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í málinu í heild, sem ákveðst kr. 13.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Einari Sveinssyni múrarameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Austurver h/f, skal vera sýkn af riftunarkröfum stefnanda, Veggjar h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda kr. 66.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maí 1965.

Nr. 211/1964. **Gunnólfur Sigurjónsson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Jónasi Guðmundssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kaup og sala. Riftun kaups og endurgreiðsla kaupverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1964. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða stefnda skaðabætur, ekki yfir kr. 18.000.00. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Atvik máls þessa eru ýtarlega rakin í héraðsdómi. Þar er því lýst, að vél bifreiðarinnar R 7338 var úrbrædd, þegar Sverrir Sigurjónsson, bróðir áfrýjanda, keypti bifreiðina af Sölnunefnd varnarliðseigna hinn 9. marz 1959. Var Sverri þá kunnugt um þenna galla á bifreiðinni. Ekki fól hann þó bifreiðaverkstæði að annast viðgerð á vélinni, heldur fékk til þess mann, sem ekki var iðnlærður bifvélavirki. Kveðst Sverrir hafa aðstoðað mann þenna við viðgerðina. Leitt er í ljós, að aðgerð sú, sem umræddur maður og Sverrir framkvæmdu á vélinni, var aðeins mjög ófullkomin bráðabirgðaviðgerð. Áfrýjandi kveðst hafa keypt bifreiðina þannig á sig komna af Sverri bróður sínum um áramótin 1959—1960. Hinn 17. febrúar 1960 seldi hann svo stefnda bifreiðina. Þegar sú sala fór fram, skýrði áfrýjandi að sjálfs sín sögn stefnda frá því, „að mótörinn í bílnum hefði brætt úr sér, en búíð væri að gera við hann“ og nú væri „bifreiðin í ágætu lagi“.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið hér að framan, var ásigkomulag bifreiðarinnar ekki í samræmi við lýsingu áfrýjanda á henni við söluna. Telja verður, eins og gert er í héraðsdómi, að umræddur galli á bifreiðinni hafi verið það veigamikill, að til riftunar á kaupunum mátti leiða samkvæmt 1. málsg. 42. gr. laga nr. 39/1922, enda var gallanum þannig háttað, að þess var ekki að vænta, að stefndi yrði hans var við venjulega skoðun, sbr. 47. gr. sömu laga. Af hálfu stefnda er því lýst, að gallans hafi orðið vart í aprilmánuði 1960, og hafi kvörtunum um gallann og riftunarkrafa verið borin upp við áfrýjanda í þeim sama mánuði. Hefur áfrýjandi við þetta kannast. Samkvæmt því hefur stefndi horið fyrir sig í tæka tíð, að bifreiðinni væri ábótavant, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan var greint, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda á dóms, ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnólfur Sigurjónsson, greiði stefnda, Jónasi Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., hefur Jónas Guðmundsson tollþjónn, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 27/2 1962, gegn Gunnólfi Sigurjónssyni, Sólvallagötu 45, Reykjavík, aðallega til að fá hann dæmdan til að þola riftingu á kaupum á Mercedes-Benz bifreið, árgerð 1955, skrásettri sem R 7338, er hann keypti af stefnda 17/2 1960, og til endurgreiðslu á kaupverði hennar, kr. 140.000.00, þannig að stefnandi fái endurgreiddar í peningum kr. 90.000.00 með 9% ársvöxtum frá 17/2 1960 til greiðsludags, svo og að honum verði afhent að kostnaðarlausu kvittað skuldabréf það, að eftirstöðvum kr. 60.000.00, sem stefnandi gaf út í sambandi við kaup nefndrar bifreiðar.

Til vara krefst stefnandi þess, að fá greiddar kr. 80.000.00 í skaðabætur með 9% ársvöxtum frá 17/2 1960 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi í báðum tilfellum málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefndi þá varakröfu, að honum yrði einungis gert að greiða stefnanda skaðabætur, er næmu viðgerðarkostnaði á hreyfli bifreiðarinnar, R 7338. Í báðum tilfellum krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Samkomulag er með málsaðiljum að ganga fram hjá sátta-nefnd í máli þessu, og sáttatilraunir hér fyrir dóminum hafa eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 9. marz 1959 seldi Sölunefnd varnarliðseigna f. h. Viðskiptamálaráðuneytisins bróður stefnda, Sverri Sigurjónssyni rafvirkja, Sólvallagötu 46, hér í bæ, bifreið af gerðinni Mercedes-

Benz 300 frá árinu 1955 á kr. 136.000.00, og hinn 2. maí sama ár var bifreiðin skráð sem R 7338 á nafn Sverris í bifreiðaskrá Reykjavíkur.

Vél bifreiðarinnar var úrbrædd, þegar Sverrir festi kaup á henni, og kveður hann, að svo hafi verið á þremur stimpilstangarlegum, en hann hafði ekki orðið var við aðra galla á vélinni.

Sverrir fékk Símon Gunnlaugsson Melsted rafvélavirkja, Rauðararstíg 3, hér í bæ, til að gera við vél bifreiðarinnar, og aðstoðaði Sverrir hann við viðgerðina. Fór hún fram í bifreiðaskúr við Fornhaga 20, hér í bæ, skömmu eftir að Sverrir eignaðist bifreiðina.

Símon hefur ekki réttindi bifvélavirkja, en rafvélavirkja, og kveðst hann hafa stundað nokkuð í hjáverkum viðgerðir bifreiða, einkum véla þeirra. Hann kveðst hafa tekið vél fyrrgreindrar bifreiðar í sundur, og hafi þá komið í ljós, að tvær eða þrjár legur hennar voru úrbræddar. Ályktuðu þeir Sverrir, að bifreiðinni hefði verið ekið olíulausri. Kveðst Símon hafa leitað upplýsinga hjá skólabróður sínum, Trausta Þorleifssyni bifvélavirkja, Einholti 7, hér í bæ, sem lært hefur hjá Þóri Jónssyni bifvélavirkja, hér í bæ, um viðgerð vélarinnar og farið til hans með mælingu af sveifarásnum til athugunar á því, hvort myndi þurfa að renna hann. Símon kveðst ekki muna, hvernig orð féllu milli þeirra, þegar þeir ræddu málið, en niðurstaðan varð sú, að hann renndi ekki sveifarásinn, heldur þrengdi legurnar. Segir hann, að legurnar hafi verið úrbræddar þannig, að hvítmálmslagið var brætt úr, og undir því var koparlag, og hreinsaði hann það upp og felldi að sveifarásnum, þannig að legan var notuð sem koparlega. Símon kveður, að Trausti hafi ekki skoðað bifreiðina, og hafi hann ekkert fylgzt með viðgerð hans á vél hennar.

Trausti Þorleifsson kveðst hafa lært bifvélavirkjun hjá nefndum Þóri Jónssyni, og eftir að hann lauk prófi í þeirri grein í júní árið 1959, kveðst hann hafa unnið um nokkurn tíma sem bifvélavirki hjá vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. Á þeim tíma hefði fyrrgreindur Símon, sem er kunningi hans, komið til hans og sagt honum frá því, að hann væri að gera við vél úr Mercedes-Benz bifreið, og leitað álits hans um viðgerð á vél þeirri, sem legubakkinn var úr. Kveður Trausti, að lega sú, sem Símon sýndi honum, hafi ekki verið úrbrædd, og hafi hún virzt vera að öllu leyti í lagi. Símon hafi spurt hann að því, hvort

hann ætti að hafa leguna lausa eða stífa utan um sveifarásinn, og hafi hann ráðlagt Símon að hafa hana fremur lausa. Trausti kveðst hvorki hafa séð umrædda bifreið né sveifarás hennar. Trausta minnir, að hann hafi atyrst Símon fyrir að vera að „fúska“ við svona viðgerð, þar eð hann væri ekki bifvélavirki, heldur rafvirki, en Símon kveðst ekki minnast þessa.

Símon Gunnlaugsson Melsted kveður, að viðgerðin á vél bifreiðarinnar hafi getað talizt fullnægjandi, og Sverrir Sigurjónsson kveður, að bifreiðin hafi síðan virzt vera í ágætu lagi og verið í stöðugri notkun.

Nokkru fyrir eða um áramótin 1959—1960 seldi Sverrir bróður sínum, stefnda Gunnólfi Sigurjónssyni, bifreiðina fyrir liðlega það verð, sem Sverrir hafði keypt bifreiðina á, en sala þessi var ekki tilkynnt til yfirvalda. Stefndi kveður, að bifreiðin hafi þá verið í góðu lagi.

Í febrúar 1960 vildi stefndi selja bifreiðina og sneri sér af því tilefni til Litlu bílasölnunnar í Tjarnargötu 5, hér í bæ. Jónas Guðmundsson tollvörður, Ránargötu 32, hér í bæ, sá bifreiðina þar, en hann hafði hug á bifreiðakaupum. Sýndi stefndi honum síðan bifreiðina, og varð úr, að Jónas keypti hana hinn 17. febrúar og fékk afsal fyrir henni, sem Sverrir Sigurjónsson var áður búinn að undirrita til notkunar fyrir stefnda. Kaupverð bifreiðarinnar var kr. 140.000.00, og greiddi Jónas út í reiðufé kr. 60.000.00, en fyrir eftirstöðvunum, kr. 80.000.00, gaf hann út skuldabréf.

Jónasi og eiginkonu hans, Edith Camillu Guðmundsson, sem aðstoðaði hann við kaup bifreiðarinnar, ber ekki saman við stefnda um atvik að bifreiðarkaupunum, og þykir því gleggst að rekja framburð hvers aðilja sérstaklega.

Jónas Guðmundsson og kona hans, Edith Camilla, bera, að þau hafi skoðað bifreiðina hinn 16. febrúar og litizt vel á hana, og hafi Jónas haft orð á því við stefnda, að rétt væri að láta fagmann í bifreiðaverkstæðinu „Ræsi“ líta á vél bifreiðarinnar, en stefndi hafi þá sagt, að þeir í „Ræsi“ myndu bara skemma bifreiðina, enda væri ástæðulaust að láta skoða vél hennar, þar eð hún hefði þá skömmu áður verið tekin upp í vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co., og væri vélin því í ágætu standi. Stefndi hafi enn fremur sagt honum, að ekkert myndi verða úr sölu bifreiðarinnar, ef hún yrði skoðuð í „Ræsi“. Jónas hafi fengið kunningja sinn, Jónas Kjerúlf bifreiðastjóra, til að reyna bifreiðina í akstri, og eftir þá reynsluferð hafi Kjerúlf talið áhættu-

laust að kaupa bifreiðina, er þá reyndist í góðu lagi, og þá tekið tillit til þess, að verkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði yfirfarið vélina. Hinn 17. febrúar, sem var fimmtudagur, hafi Jónas keypt bifreiðina, og hafi stefndi við afhendingu hennar bætt olíu og frostlegi á hana og ekið henni að Lynghaga 4, hér í bæ, þar sem dóttir Jónasar bjó. Síðar í rannsókn málsins hefur Edith Camilla breytt framburði sínum á þann veg, að þau hjónin hafi hugleitt bifreiðar kaupin í nokkra daga, eða frá laugardegi til miðvikudags, er bifreiðin hafi verið keypt.

Jónas Andrésson Kjerúlf iðnverkamaður, Reykholti í Borgarfirði, reyndi bifreiðina í akstri 16. febrúar 1959 að beiðni Jónasar Guðmundssonar, áður en hann festi kaup á henni, og var þá í bifreiðinni auk stefnda maður að nafni Jón Jónsson. Ók Jónas Andrésson bifreiðinni frá Bræðraborgarstíg vestur á Sel-tjarnarnes og til baka aftur á Hringbraut. Hann kveðst ekkert óeðlilegt hafa fundið við bifreiðina í akstrinum, og virtist honum hún „vinna“ á eðlilegan hátt, og hafi hann ekkert séð á vélinni, er hann leit lauslega yfir hana, sem benti til bilunar þar. Þá kveðst Jónas Andrésson muna það fyrir víst, að stefndi hafði á orði í ökuferð þessari, að nýlega hefði verið gert við úrbrædda vél bifreiðarinnar á vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. Kveðst Jónas Andrésson, að ökuferðinni lokinni, hafa skýrt Jónasi Guðmundssyni frá því, hvað stefndi hefði sagt honum um viðgerðina á vél bifreiðarinnar. Jónas Andrésson kveðst hafa hið meira próf bifreiðarstjóra.

Jón Jónsson sendibílstjóri, Goðheimum 12, hér í bæ, sem var farþegi í bifreiðinni í fyrrgreindri ökuferð, kveðst ekki hafa orðið var við, að bifreiðin væri á einhvern hátt gölluð. Þá kveðst hann muna fyrir víst, að stefndi hafði það á orði við þetta tækifæri, að vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði nýlega tekið upp vél bifreiðarinnar vegna skemmda á legum, eða vegna þess að bifreiðin hefði „slegið úr legum“, eins og stefndi hafi komiðt að orði. Stefndi hafi ekki nafngreint mann þann eða menn þá, sem viðgerðina hefðu framkvæmt.

Stefndi hefur hins vegar borið það, að hann hafi „komiðt í samband“ við Jónas Guðmundsson og konu hans hinn 10. febrúar. Kveðst hann hafa skýrt þeim hjónum frá ástandi bifreiðarinnar, eins og það þá væri, þ. e. að hún væri í ágætu lagi. Sverrir bróðir hans hefði keypt bifreiðina hjá Sölnufnd varnarliðs-eigna og að vél bifreiðarinnar hefði þá verið úrbrædd og á hvern hátt hefði verið gert við vélina og hverjir það hefðu framkvæmt,

þ. e. Sverrir og Símon Melsted, sem báðir voru ófaglærðir, en þó með einhverri leiðsögn starfsmanns Þóris Jónssonar & Co.

Stefndi kveður, að Edith Camilla hafi af þessu tilefni sagt sér, nokkru eftir að til tals kom, að Jónas keypti bifreiðina, að hún hefði haft samband við verkstjóra hjá Þóri Jónssyni & Co. og spurzt þar fyrir um, hvað kosta myndi að taka upp vél Mercedes-Benz bifreiðar, og hafi hún fengið þau svör, að slík viðgerð myndi trúlega kosta 8—10 þúsund krónur. Hafi konan aflað sér þessara upplýsinga í því sambandi, ef viðgerð þeirra Sverris og Símonar á vél bifreiðarinnar reyndist haldlítill.

Þá kveður stefndi, að Edith Camilla hafi trúað sér fyrir því, að hún hafi spurzt fyrir um bifreiðina í Ræsi h/f, sem hefur umboð fyrir Mercedes-Benz bifreiðar, og enn fremur hafi hún sagt honum, að hún hefði leitað upplýsinga um bifreiðina hjá þeim ráðherra, sem muni hafa haft umráð hennar, áður en hún var seld hjá Sölunefnd varnarliðseigna.

Stefndi hefur mótmælt því sem röngu í framburði þeirra hjóna, að hann hafi sagt, að vél bifreiðarinnar hefði verið tekin upp í vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co., og að ekkert myndi verða úr sölu bifreiðarinnar, ef hún yrði skoðuð í Ræsi, og hefur haldið fast við það, að hann hafi einungis sagt þeim hjónum, að menn þeir, sem hefðu gert við vél bifreiðarinnar, hefðu fengið leiðsögn starfsmanns hjá greindu fyrirtæki, og enn fremur hafi hann boðið hjónunum að láta skoða bifreiðina, svo vel sem þau lysti, fyrir kaupin.

Enn fremur hefur stefndi neitað því að hafa sagt Jónasi Andræssyni, er hann reyndi bifreiðina, að nýlega hefði verið gert við úrbrædda vél hennar á vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. eða verkstæði þetta hefði nýlega tekið upp vél hennar, vegna þess að hún hefði „slegið úr legum“. Hins vegar hafi hann sagt Jónasi Andræssyni í þetta skipti, að gert hefði verið við úrbrædda vél bifreiðarinnar í samráði við mann eða menn frá greindu vélaverkstæði. Enn fremur kveðst stefndi hafa skýrt honum og Jóni Jónssyni frá því, hvernig viðgerðin á vélinni hefði verið framkvæmd og af hverjum, þ. e. bróður hans og Símon Melsted. Í þessu sambandi hafi Jónas Andræsson sagt, að honum stæði það ekki svo fyrir þrifum með bilun bifreiðarinnar, að hann gæti ekki ekið henni svo sem í 1—2 ár, en öðru máli gegndi með dóttur Jónasar Guðmundssonar, sem væri viðvaningur í bifreiðaakstri.

Stefndi hefur haldið fast við það, að ein vika hafi liðið, frá

Því kaup bifreiðarinnar komu fyrst til tals við þau hjónin og þar til af þeim varð.

Jónas Andrésson kveðst ekki muna eftir fyrrgreindum orðum, sem hann hefur eftir honum eða kveðst hafa sagt honum, og minnst hann þess ekki, að nafn dóttur Jónasar Guðmundssonar hafi borið þá á góma. Þá kveðst hann ekki minnst þess, að stefndi nafngreindi menn þá, sem gert hefðu við hina úrbræddu vél.

Þá kveðst Jón Jónsson ekki minnst þess að hafa heyrt Jónas Andrésson segja, að hann gæti sem bezt ekið bifreiðinni í 1—2 ár með þannig vél, en að það væri verra fyrir viðvaning að gera það, og minnst hann þess heldur ekki, að nafn dóttur Jónasar Guðmundssonar hafi borið á góma í þessu sambandi.

Jón Haukur Baldvinsson loftskemtamaður, Sólheimum 35, og Leifur Anton Ólafsson aðstoðarmaður, Njarðargötu 33, báðir hér í bæ, svo og Gísli Sigurbjörnsson aðstoðarmaður, Víðihvammi 18, Kópavogi, unnu á Litlu bílasölunni í Tjarnargötu 5 á greindum tíma.

Jón Haukur kveður, að Jónas Guðmundsson og kona hans hafi velt fyrir sér kaupnum á nefndri bifreið í að minnsta kosti eina viku, áður en þau endanlega urðu, og Leifur Anton minnir, að nokkrir dagar hafi liðið, frá því að þau hjónin hugleiddu bifreiðarkaupin og þar til þau voru endanlega gerð. Þá minnir Leifur Anton, að kona Jónasar hafi haft á orði að láta skoða bifreiðina, og Jón Haukur minnir, að bæði kaupandi og seljandi bifreiðarinnar hafi ákveðið að láta skoða hana í verkstæðinu Ræsi h/f.

Gísli Sigurbjörnsson kveðst muna það, að þau hjónin veltu bifreiðarkaupnum fyrir sér í nokkra daga, svo og vita til þess, að konan hafi hringt margoft til Litlu bílasölnnar til að ræða væntanleg kaup á þessari eða öðrum bifreiðum, og hafi hann átt að minnsta kosti tvö símtöl við konuna út af kaupum margnefndrar bifreiðar, áður en af þeim varð. Konan hafi við það tækifæri sagt, að hún hefði leitað upplýsinga um bifreiðina í bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f, og enn fremur kveðst Gísli hafa heyrt eftir samstarfsmönnum sínum, að hún hefði snúið sér til þess ráðherra, sem hafði áður umráð bifreiðarinnar, í sama skyni, og ráðherrann þá vísað henni á Ræsi h/f. Gísli minnst þess ekki, að konan hefði orð á því, að vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði gert við bifreiðina. Þá kveðst hann ekki hafa vitað, í hvaða ástandi vél bifreiðarinnar var, þegar hún var til

sölu í Litlu bílasölunni, og minnst hann þess ekki, að seljandi bifreiðarinnar orðaði það, að vél hennar væri úrbrædd og að gert hefði verið við hana, enda hafi um 500 verið á skrá í bílasölunni og því illgerlegt að muna eftir nokkurri einstakri bifreið, nema sérstaklega hefði staðið á, en hann tekur fram, að hann hefði talið það vera skyldu sína að skýra frá slíku ástandi bifreiðarinnar, hefði honum verið kunnugt um það.

Edith Camilla kveðst hins vegar ekki minnst þess að hafa átt símtöl við starfsmenn Litlu bílasölnnar fyrir bifreiðarkaupin út af þeim eða í annan tíma haft það á orði við bílasalann að láta skoða bifreiðina í Ræsi, en á hinn bóginn hafi hún hringt til þeirra einu sinni eða tvisvar, eftir að þau hjónin lentu í málaferlum út af kaupum bifreiðarinnar, og þá til að leita upplýsinga um það, hvernig auglýst hafi verið ástand hennar. Þá kveðst hún ekki hafa átt tal við ráðherra um bifreiðina og engum skýrt frá því, að svo hafi verið. Loks hefur Edith Camilla borið, að bifreiðin hafi skemmzt á bretti og höggvara, eftir að þau hjónin eignuðust hana, og hafi tengdasonur þeirra þá ekið henni.

Bæði Jónasi Guðmundssyni og Edith Camillu, konu hans, ber saman um það, að bifreiðin R 7338 var óhreyfð fram til 30. marz eða 1. apríl 1960, að því frátöldu, að kunningi Jónasar ók henni eilítið um götur bæjarins nokkrum dögum eftir kaupin.

Hinn 1. apríl var dóttir þeirra hjóna búin að fá ökuréttindi, og fékk móðir hennar þá stefnda til að setja bifreiðina í gang fyrir dóttur sína og skýra fyrir henni notkun hennar í þeim tilvikum, er með þurfti.

Stefndi hefur tekið fram í þessu sambandi, að við sölu bifreiðarinnar hafi hann skýrt Jónasi Guðmundssyni frá því, að ef bifreiðin væri sett í gang eftir að hafa staðið ónotuð í nokkurn tíma, þyrfti að gæta nokkurrar varúðar, þannið að ræsa bæri vélina, en taka þó kveikjuhamarinn úr fyrst og fá þannig olíuþrýstinginn upp í vélina, áður en hún færi í gang. Þannig væri kveikjuhamarinn settur aftur í bifreiðina, eftir að olíuþrýstingurinn væri orðinn eðlilegur. Stefndi kveðst ekki hafa gert þessar varúðarráðstafanir, þegar hann setti bifreiðina í gang fyrir dóttur þeirra hjóna, vegna þess að hún hafi sagt honum, að ekki væri langt síðan, að bifreiðinni hefði verið ekið. Kveðst stefndi minnst þess, að hann hafi haft á orði í þetta skipti, að einkennilegt hljóð væri í vélinni, og hafi hann sett það í samband við hljóðdeyfi bifreiðarinnar.

Margnefnd hjón hafa borið það, að dóttir þeirra hafi svo ekið

bifreiðinni í fáeina daga um bæinn, en brátt hafi komið í ljós, að gangur vélar bifreiðarinnar var óeðlilegur og einkennilegt hljóð í vélinni. Hinn 3. apríl var farið með bifreiðina á bifreiðaverkstæði S.Í.S. við Hringbraut, hér í borg, og þar var hún í 3—4 vikur. Kom þar í ljós, að vél bifreiðarinnar var úrbrædd.

Edith Camilla sneri sér þá til stefnda, tilkynnti honum, hvernig komið væri, og krafðist þess, að kaupin á bifreiðinni gengju til baka. Tók stefndi líklega í það í fyrstu, en er hann hafði skoðað bifreiðina næsta dag, neitaði hann að taka aftur við bifreiðinni, og kveður hann, að ástæðan hafi verið sú, að bifreiðin hafi þá verið skemmd, t. d. annað frambretti beyglað og rífið og hitt einnig skemmt við það, að framhurðin hafi skollíð á því, svo og annað afturbretti beyglað og afturhöggvari verið rifinn frá öðrum megin, en þau hjónin neitað að láta gera við skemmdirnar, áður en hann tæki aftur við bifreiðinni.

Magnús Sigurjónsson bifvélavirki, verkstæðisformaður á bifreiðaverkstæði S.Í.S., til heimilis að Rauðarárstíg 9, hér í bæ, kveður, að komið hafi verið með bifreiðina R 7338 þangað til viðgerðar á hljóðkút o. fl., og hafi hann ráðið af ganghljóði bifreiðarinnar, að vél hennar væri úrbrædd. Kveðst Magnús hafa heyrt á tal seljanda bifreiðarinnar, þ. e. stefnda, og konu eiganda hennar, þ. e. Edith Camillu, af þessu tilefni. Hafi stefndi sagt við hana, að jafnan þyrfti að snúa vél bifreiðarinnar á viftureiminni, áður en bifreiðin væri sett í gang, eftir að hún hefði staðið óhreyfð einhvern lengri tíma, og virtist Magnúsi sem stefndi kenndi þessu um, að vélin hefði úrbræðzt, og hafi hann í því sambandi vitnað til upplýsingarits, er fylgt hafi bifreiðinni. Magnús bætir því við, að hann hafi aldrei heyrt getið um slíkar ráðstafanir í sambandi við gangsetningu bifreiða.

Grétar Árnason bifvélavirki, verkstjóri á Vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co., til heimilis á Ljósvallagötu 30, hér í bæ, kveðst minnast þess, að einhvern tíma á s.l. ári hafi kona nokkur, sem talaði með erlendum málhreim, hringt á verkstæðið til hans og spurzt fyrir um það, hvort hann vissi til þess, að vél bifreiðarinnar R 7338 hefði verið tekin upp á verkstæðinu, og skildist honum, að konan væri að spyrjast fyrir um þetta vegna væntanlegra kaupa sinna á bifreið þessari. Grétar tjáði konunni, að svo hefði ekki verið, og kveður hann sér hafa skilzt á henni, að hún hefði þegar leitað upplýsinga um bifreiðina hjá Sigþóri Guðjónssyni hjá bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f og verið þaðan vísað á verkstæði Þóris Jónssonar & Co., sem tekur upp og end-

urbyggir vélar fyrir Ræsi h/f. Nokkru síðar hafi sama kona hringt aftur til hans, og virtist hún þá vera orðin eigandi nefndrar bifreiðar, og kvartað yfir því, að vél hennar væri úbrædd eða ónýtt. Konan hafi viljað fá upplýsingar um það, hvort einhver verkstæðismanna hjá Þóri Jónssyni & Co. hefði þá nýverið gert við vél bifreiðarinnar, og kveðst Grétar hafa gefið henni sömu svör og fyrr, að ekki hefði verið gert við vélina á því vélaverkstæði, og hefði einhver af verkstæðismönnum þar annazt viðgerð á vélinni, þá væri það verkstæðinu óviðkomandi, enda hefði bifreiðin aldrei þangað komið.

Edith Camilla hefur borið það, að hún hafi tvisvar sinnum átt símtal við Grétar Árnason, og í bæði skiptin hafi það verið eftir að Jónas, eiginmaður hennar, keypti bifreiðina R 7338. Fyrra símtalið hafi farið fram í marz mánuði, og hafi tilefnið verið að fá vitneskju um það, hvort vél, sem nýupptekin væri á vélaverkstæði hjá Þóri Jónssyni & Co., ætti það til að vera mjög þung og erfið í gang, og kveðst hún hafa spurt að þessu vegna þess, hve erfitt hafi verið að fá R 7338 í gang. Grétar hafi veitt henni þær upplýsingar, að vél þessarar bifreiðar hefði ekki verið tekin upp á nefndu verkstæði, en tekið fram, að eigendur eða fyrri eigendur bifreiðarinnar þekktu starfsmann á verkstæðinu. Seinna símtalið hafi farið fram seinni hluta apríl mánaðar. Kveðst Edith Camilla þá hafa verið búin að fá vitneskju um það frá öðru bifreiðaverkstæði, að vél bifreiðarinnar væri úbrædd, og stefndi tjáð henni, að viðgerð vélarinnar, áður en hann seldi bifreiðina Jónasi manni hennar, hafi einungis tekið eina kvöldstund. Hafi hún í seinna skiptið hringt í vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. til að grennslast fyrir um það, hvort fullnægjandi væri að vinna við vélina eina kvöldstund, og Grétar þá sagt henni, að svo væri ekki, ef verið væri að taka vélina upp.

Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, Hagamel 27, hér í bæ, hefur borið það, að einhvern tíma seinni hluta næst síðastliðins vetrar hafi Jónas Guðmundsson komið að máli við hann og óskað álits hans á kaupum Mercedes-Benz bifreiðar. Átti Unnsteinn símtal við Sigþór Guðjónsson, verkstjóra í Ræsi h/f, um bifreiðina, og varaði hann við kaupum á bifreiðinni, vegna þess að hún hefði orðið fyrir vélarbilun, úbræðslu, þegar hún var ný. Skýrði Unnsteinn síðan Jónasi frá þessu álitu Sigþórs, en Jónas kvaðst þá vera búinn að festa kaup á bifreiðinni. Unnsteinn kveður, að liðið hafi í mesta lagi 1—2 dagar milli samtala

hans við Jónas, og sé möguleiki á því, að þau hafi farið fram samdægurs. Í fyrra samtalinu skildist honum á Jónasi, að kaup hans á bifreiðinni stæðu fyrir dyrum, en í seinna samtalinu, að kaup hans, þ. e. Jónasar, á bifreiðinni hefðu þegar farið fram, er þeir töluðust við í fyrra skiptið.

Sigbór Guðjónsson, verkstæðisformaður á bifreiðaverkstæðinu Ræsi h/f, Miðtúni 86, hér í bæ, hefur staðfest greindan framburð Unnsteins Becks, og kveður hann, að Unnsteinn hafi skýrt honum frá því í símtalinu, að Jónas væri að hugleiða að kaupa umrædda bifreið.

Fjögur af fyrrgreindum vitnum í málinu, þ. e. bifvélavirkjarnir Trausti Þorleifsson, Magnús Sigurjónsson, Sigbór Guðjónsson og Grétar Árnason, hafa látið í ljós álit sitt á viðgerð Símonar Gunnlaugssonar Melsteds á vél margnefndrar bifreiðar, eins og hann hefur lýst viðgerðinni í framburði sínum.

Trausti og Magnús kveða, að þetta hafi einungis verið bráðabirgðaviðgerð, en ekki upptaka á vélinni, en þá sé alltaf skipt um alla slitfleti.

Sigbór kveður, að viðgerð þessi hafi, eftir lýsingunni, verið ófullnægjandi, enda hefði þurft að skipta um legur og renna sveifarás, ef með þyrfti eftir mælingu. Þá kveðst hann ekki kannast við, að það þyrfti að snúa vél Mercedes-Benz bifreiðar, áður en hún sé sett raunverulega í gang, og hafi hann, sem starfar í umboðsverkstæði þeirrar bifreiðategundar, aldrei orðið var við slíkt, enda þótt bifreiðar stæðu þar vetrarlangt í geymslu.

Grétar kveður, að hér hafi einungis verið um bráðabirgðaviðgerð að ræða, og geti slík viðgerð komið að gagni, ef sveifarás er óskemmdur. Þá kveðst hann ekki kannast við, að það þurfi að snúa vél þessarar bifreiðategundar, áður en vélin sé sett í gang, þó að vélin hafi lengi verið óhreyfð. Hann telur, að kostnaður við að taka upp vél í bifreið sé ca. 7—12 þúsund krónur.

Grétar Árnason hefur einnig tekið fram, að hann hafi orðið þess var í starfi sínu, að verði eigendaskipti að bifreið, sem verið hefur lengri tíma í eigu sama manns, og allt þá virzt vera í lagi, hafi oft komið fljótlega fram vélarbilanir, svo sem úrbræðsla. Telur hann, að þetta eigi rót sína að rekja til þess, að aksturslag og meðferð véla sé mjög misjöfn, en þó eigi vél, sem hafi næga smurningsolíu og vatn, ekki að geta brætt úr sér af þessum sökum.

Framburðir þeir, er nú hafa verið raktir, eru samkvæmt

skýrslum, gefnum í sakadómi Reykjavíkur á öndverðu árinu 1961, en stefndi og bróðir hans, Sverrir Sigurjónsson, höfðu þá með ákæruskjali, útgefnu í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 13. desember 1960, verið ákærðir fyrir meint brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1961, var fallið frá ákæru á hendur Sverri Sigurjónssyni, en sakamálinu haldið áfram gegn stefnda einum. Dómur í því máli var uppkveðinn í sakadómi Reykjavíkur hinn 17/10 1961. Samkvæmt þeim dómi var Gunnólfur Sigurjónsson sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur kostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð.

Vitnin Jónas Andrésen Kjerúlf, Jón Jónsson, Grétar Árnason, Edith Camilla Guðmundsson og Gísli Sigurbjörnsson hafa staðfest framburði sína með eiði í sakadómi Reykjavíkur.

Hinn 21/2 1963 dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík þá Finnþoga Eyjólfsson bifvélavirkjameistara og Tómas Jónsson bifvélavirkja til að framkvæma skoðunargerð á bifreiðinni, þar sem eftirfarandi atriði komi fram:

- „a. Hvort mótorninn sé úrbræddur eða of rúmur á legum?
- b. Ef svo er, hvaða legum, hefur verið gert við þær áður, og þá hvernig, t. d. teknar saman?
- c. Er sveifarásinn slitinn eða skemmdur á annan hátt?
- d. Eru aðrir gallar sjáanlegir í mótornum?“

Skoðunargerð hinna dómkvöddu manna er dags. 5. marz 1963 og hljóðar svo, að loknum inngangsorðum:

- „1. Stimpilstangarlegur eru allar meira og minna úrbræddar, utan lega nr. 6, sem er óskemmd. Höfuðlegur eru hins vegar óskemmdar, en dálítið slitnar.
- 2. Sveifarás er slitinn undir öllum stimpilstangarlegum, einkum sveif nr. 5, sem er bæði mjög slitin og illa rifin. Undir höfuðlegum er sveifarásinn aftur á móti lítið slitinn.
- 3. Stimpilstangarlegur hafa sýnilega allar verið teknar úr og settar undir þær fólumþynnur, 003” að þykkt, í þeim tilgangi að þétta þær á sveifarás. En þar sem sveifarás hefur þá verið orðinn ójafnt slitinn (þ. e. „sleginn“), hafa þessar þynnur smátt og smátt losnað undan legunum, þegar farið var að keyra vélina, og fallið niður í olíuþönnuna. Höfuðlegur hefur, ekki svo séð verði, verið gert við áður.
- 4. Aðrir gallar í sambandi við sveifarás og legur vélarinnar eru ekki sjáanlegir, þegar frá er talið, að á höfuðleguklafa

nr. 6 er brotið út úr öðru gati fyrir stýrispinna, sem skoðunarmenn telja ekki geta valdið neinum skemmdum á vélinni.“

Hinn 18. marz 1963 var kveðinn upp dómur í máli þessu, þar sem riftunarkrafa stefnanda var tekin til greina.

Stefndi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. maí 1964, voru meðferð málsins frá og með þinghaldi 9. febrúar 1963 svo og héraðsdómurinn ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju. Stafaði þetta af því, að í Hæstarétti kom það fram, að meðdómsmenn í héraði höfðu verið dómkvaddir hinn 18. maí 1960 til að framkvæma mats- og skoðunargerð á bifreiðinni R 7338 í sambandi við þann ágreining aðilja, sem málið snýst um. Skoðuðu þeir bifreiðina hinn 10. júní 1960 og gáfu rannsóknarlögreglu síðan skýrslu um skoðunina, en luku þó ekki matsgerð. Gögn um dómkvaðninguna komu ekki fram í málinu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og var dómsformanni ekki um hana kunnugt.

Meðan málið var fyrir Hæstarétti, fór fram í því vitnamál hér fyrir dómnum. Komu þá enn fyrir réttinn áðurnefnd vitni, þeir Grétar Árnason, Jón Jónsson og Jónas Andrés Kjerúlf.

Vitnið Grétar Árnason kom fyrir dómnum 6. febrúar 1964 og skýrði svo frá, að bílmótorar, sem teknir séu upp á bílaverkstæði P. Jónssonar & Co., séu hreinsaðir og málaðir, áður en þeir séu settir í aftur, og frá því 1. september 1958 hafi mótorarnir verið merktir með sérstöku spjaldi. Sé spjald þetta venjulega sett þar á mótorinn, sem gott sé að sjá það, þegar vélarhlífinni sé lyft, þó sé ekki um neinn fastan stað að ræða, því að spjaldið sé stundum sett á blokkina og stundum á ventlaloikið.

Kvaðst vitnið telja merkingar þessar nokkuð þekktar meðal bílfróðra manna, svo sem bifvélavirkja og bílasala.

Vitnið Jón Jónsson kom fyrir réttinn sama dag. Lágu þá frammi í vitnamálinu tvö vottorð, er þeir Jón Jónsson og Jónas Kjerúlf höfðu gefið í málinu, er það var til rannsóknar vegna kæru stefnanda, svohljóðandi:

Vottorð Jónasar Kjerúlfs, dags. 31. maí 1960:

„Ég Jónas Kjerúlf votta, að gefnu tilefni, eftirfarandi: Hinn 16. febrúar s.l. skoðaði ég bifreiðina R 7338, þar sem hún stóð við húsið nr. 13 við Bræðraborgarstíg, hér í bæ, samkvæmt beiðni Jónasar Guðmundssonar tollþjóns. Hafði Jónas hug á að kaupa

bifreið þessa, en þar sem hann var alls ófróður um bifreiðar, þá það hann um álit mitt á því, hvort bifreiðin væri kaupandi. Ég skoðaði bifreiðina og tók í bifreiðina, og var þá með mér Gunnólfur Sigurjónsson, sem kvaðst vera raunverulegur eigandi bifreiðarinnar. Tjáði Gunnólfur mér, að vél bifreiðarinnar hefði verið úrbrædd, en að vélaverkstæði Þóris Jónssonar & Co. hefði gert vélna upp, og væri hún því í góðu lagi.

Að fengnum þessum upplýsingum, sagði ég Jónasi, að ég teldi óhætt að kaupa bifreiðina fyrir það verð, sem um var talað, þ. e. kr. 140.000.00. Vottorð þetta er ég reiðubúinn að staðfesta fyrir rétti, ef krafizt verður.“

Vottorð Jóns Jónssonar, dags. 7/9 1960:

„Ég Jón Jónsson bifreiðarstjóri, Goðheimum 12, sem var með Jónasi Kjerúlf, þegar hann skoðaði bifreiðina R 7338, votta hér með, að ofanrituð frásögn hans af því, sem þá skeði, er rétt. Vottorð þetta er ég reiðubúinn að staðfesta fyrir rétti, ef krafizt verður.“

Vottorð Jóns Jónssonar var borið undir hann í vitnamálinu framangreindan dag, og kvað vitnið vottorðið hafa verið samið í samráði við Jónas Kjerúlf og Jónas Guðmundsson svo og Ólaf Þorgrímsson hæstaréttarlögmann, og kvaðst vitnið hafa undirritað vottorðið í skrifstofu hans. Vitnið kvaðst ekki hafa skrifað niður hjá sér orðræður stefnda og vitnisins Jónasar Kjerúlfs um bifreiðina hinn 16. febrúar 1960, en taldi sig örugglega hafa munað þessar orðræður, er það gaf fyrgreint vottorð sitt. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað mótór bifreiðarinnar í umrætt sinn, heldur aðeins hlustað á ganginn.

Vitnið sagðist þekkja þá venju hjá Þ. Jónssyni & Co. að merkja þá mótor, er fyrirtækið hafi endurbyggt. Vitnið kvaðst hafa haft ökuréttindi síðan árið 1936, verið atvinnubílstjóri frá 1949 og taldi sig hafa fengið meiraprófsréttindi árið 1958.

Er yfirheyrslu yfir vitninu Jóni Jónssyni var lokið, lýsti Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnanda í máli þessu, því yfir, að vottorð vitnisins Jóns Jónssonar væri samið og vélritað af honum á skrifstofu hans eftir viðtali við vitnið.

Vitnið Jónas Andrés�on Kjerúlf kom hér fyrir dóm 22. febrúar 1964. Er vitninu var sýnt framangreint vottorð þess, kvaðst það muna það óglögg nú, hver hefði samið það, en taldi, að Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður hefði gert það eftir frásögn vitnisins. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar vottorðið hafði verið

samið. Ekki kvaðst vitnið hafa skrifað niður hjá sér orðræður þess og Gunnólfs Sigurjónssonar, varðandi bifreiðina hinn 16. febrúar 1960. Vitnið kvað vélarhlíf bifreiðarinnar hafa verið opnaða eftir reynsluaksturinn, og kvaðst það hafa hlustað eftir gangi mótorsins. Þá hafi verið orðið dimmt og skoðun á vélinni því verið ákaflega stuttaraleg. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort mótörinn hafi verið óhrein, enda hafi ekki verið aðstaða til að skoða það, þar sem ekkert ljós hafi verið undir húshúddinu. Vitnið kvaðst ekki muna nú, hvort það vissi þá, þegar atburðir þessir gerðust, að endurbyggðir mótórar frá Þ. Jónssyni & Co. væru merktir með sérstöku spjaldi.

Aðspurt gat vitnið ekki skýrt frá því, hvernig frændsemi þess við Jónas Guðmundsson væri háttað, en kvað skyldleika þeirra ekki náinn. Vitnið kvað náinn kunningsskap ekki vera milli sín og Jónasar Guðmundssonar, en hins vegar sé móðir vitnisins kunningjakona systra Jónasar Guðmundssonar.

Í málinu hefur verið lögð fram þýðing úr leiðbeiningabók um meðferð Mercedes-Benz bifreiða, gerð 300 b, útgefni af Daimler-Benz hlutafélaginu, svohljóðandi: „Aðgætið. Ráðstafanir varðandi ræsingu ökutækja, er lengi hafa staðið og eru með *benzínhreyflum* (benzínvélum eða -mótórum). (Ath. þýð.: „Vergasermotor“ þýðir orðrétt „blöndungsmótor“.).

Til þess að líta eftir smurningu mótorsins verður að ræsa sérhvert ökutæki eða sérhvern mótör, sem staðið hefur eða verið í flutningi lengur en þrjár vikur, á eftirfarandi hátt:

1. Taka skal af kveikjulokið („dreifilokið“) við kveikideilinn.
2. „Kúpla“ skal sundur og snúa mótornum (hreyflinum) *án þess að „gefa gas“*, með eigin rafhlöðu eða annarri og allt til þess, að séð verður, *að olíuþrýstingurinn á sér stað*.

Athugas.: Rafhlaðan skal vera fullhlaðin, ekki skal nota hana, unz hún tæmist, skjóta skal inn í hvíldarhléum.

3. Setja skal kveikjulokið á kveikideilinn.
4. Ræsa skal (síðan) með venjulegum hætti.“

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndi hafi tjáð honum við kaupin, að bifreiðin væri í góðu standi og vél hennar nýlega uppgerð á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., er sé viðurkennt sem hið fullkomnasta sinnar tegundar á landinu. Hafi þessar upplýsingar verið ákvörðunarástæða fyrir kaupunum. En nokkru síðar, þegar í ljós hafi komið, að vél bifreiðarinnar væri „úrbrædd“, kveðst stefnandi hafa komizt að því, að fyrrgreindar upplýsingar hafi verið rangar og bifreiðin hafi

alls ekki komið inn á verkstæði Þ. Jónssonar & Co. né menn frá því verkstæði unnið að viðgerð hennar.

Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann eigi rétt á annað hvort að rifta kaupunum eða fá greiddar skaðabætur, hvort heldur væri eftir 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, 1. og 2. mgr., sbr. 43. gr. sömu laga.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að þar sem búið sé að sýkna hann af svikaákæru í sambandi við kaup þessi í framangreindum sakadómi, geti þessi dómstóll, sem sé hliðsettur dómstóll, ekki fjallað um þá málsástæðu samkvæmt 2. mgr. 196. gr. einkamálaganna nr. 85/1936.

Á þetta verður ekki fallizt með stefnda, þar sem svikahugtak 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er ekki hið sama og í 42. og 43. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, enda verður að meta það í hverju falli, að hve miklu leyti sakadómur bindur hliðsettan einkadóm.

Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi alls ekki haft svik í frammi, er kaupin gerðust. Stefnandi hafi vitað, að stefndi hafði fest kaup á bílnum með „úrbrædda“ vél, en stefndi hafi látið gera við hana. Hafi engu verið leynt í því sambandi, og allir möguleikar hafi verið fyrir hendi að kanna allt það, er stefndi hafði upplýst um bílinn, enda hafi það verið rækilega gert og kona stefnanda víða haldið uppi spurnum um bílinn, áður en kaupin hafi verið afráðin. Stefnandi hafi velt fyrir sér kaupunum í nokkra daga, og hafi sakadómsrannsókn leitt í ljós, að kona stefnanda hafi á þeim tíma spurzt fyrir um það á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., hvort vélin hefði verið tekin þar upp, og fengið þau svör, að svo hefði ekki verið.

Stefnandi hafi fengið menn, þaulvana meðferð bifreiða, til að reynsluaka bifreiðinni, áður en gert hafi verið út um kaupin. Ástæðan til þess, að bifreiðin hafi bilað, hafi verið sú, að hún hafi verið látin í hendur þeirra, er nýbúnir hafi verið að læra á bíl og því lítt kunnað með bifreiðir að fara.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi sagt stefnanda, að vél bifreiðarinnar væri uppgerð á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co., enda sé það hreinn tilbúningur af hálfu stefnanda.

Að endingu hefur stefndi við munnlegan flutning málsins andmælt vaxtakröfu stefnanda sem of hárrí.

Gegn eindregnum andmælum stefnda svo og með hliðsjón af framburðum þeirra vitnanna Grétars Árnasonar, Jóns Hauks

Baldvinssonar og Gísla Sigurbjörnssonar og einnig af því, sem fram kom í vitnamálinu hér fyrir dómnum um vottorð þeirra Jóns Jónssonar og Jónasar Andrésssonar Kjerúlfs og afstöðu hins síðarnefnda til stefnanda, þykir ekki sannað, að stefndi hafi sagt stefnanda, að vél bifreiðarinnar hafi verið uppgerð á vélaverkstæði Þ. Jónssonar & Co. Riftunarkrafa stefnanda verður því ekki byggð á því, að stefndi hafi haft í frammi svik við kaupin vegna blekkinga um viðgerðarstað bifreiðarinnar.

Stefndi fékk Símon Gunnlaugsson Melsted til þess að framkvæma viðgerð á hreyfli bifreiðarinnar. Að vísu var maður þessi ekki bifvélavirki, heldur rafvélavirki, en vanur viðgerðum sem þessum. Eigi er í ljós leitt, að stefndi hafi skýrt stefnanda frá því, í hverju viðgerð þessi var fólgin, en þar sem ekki er annað vitað en stefndi hafi haldið, að verki Símonar Melsteds loknu, að búið væri að gera við vélina, verður eigi talið, að stefndi hafi haft í frammi sviksamlega launung við kaupin.

Að álitni hinna sérfróðu meðdómenda var margnefnd viðgerð Símonar Melsteds á hreyfli bifreiðarinnar allsendis ófullnægjandi, enda varð ending hennar næsta lítil, og telja hinir sérfróðu meðdómendur það hér engu skipta, þótt viðvaningar hafi verið látnir aka bifreiðinni þann tiltölulega skamma tíma, er leið frá kaupunum til þess, er gallarnir fóru að koma í ljós.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var hreyfill bifreiðarinnar haldinn galla, er kaupin gerðust. Verður að telja gallann þess eðlis, að stefnanda sé heimilt að rifta kaupið samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Varakrafa stefnda kemur því ekki til álita.

Úrslit málsins verða því þau, að riftunarkrafa stefnanda er tekin til greina. Ber stefnda að endurgreiða stefnanda í peningum kr. 90.000.00 ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 17/2 1960 til 22. s. m., 9% ársvextir frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber stefnda einnig að afhenda stefnanda að kostnaðarlausu kvittað skuldabréf það, er stefnandi gaf út í sambandi við kaupin, nú að eftirstöðvum kr. 60.000.00. ;

Eftir þessum málalyktum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.750.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Gunnari Gunnarssyni bifvéla-virkjameistara og Haraldi Jónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Framangreind riftunarkrafa stefnandans, Jónasar Guðmundssonar, er tekin til greina. Stefndi, Gunnólfur Sigurjónsson, endurgreiði stefnanda í peningum kr. 90.000.00 með 6% ársvöxtum frá 17. febrúar 1960 til 22. s. m., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi afhendi stefnanda að kostnaðarlausu kvittað skuldabréf það, sem hann gaf út í sambandi við kaupin, nú að eftirstöðvum kr. 60.000.00.

Stefndi greiði stefnanda kr. 14.750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. júní 1965.

Nr. 113/1964. **Leifur Þórhallsson**

og

Samvinnutryggingar

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

Gunnari Skapta Kristjánssyni og gagnsök

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodor B. Lindal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1964 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. júlí 1964. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 37.467.15 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.